

- Engifer merkir þann hluta af rót engiferplöntunnar sem er hæfur til neyslu, ferskur, þurrkaður eða geymdur í sykurlausn.

Aldinkjöt:

Sá hluti ávaxtar, með eða án hýðis og aldinsteina, sem er hæfur til neyslu, ef til vill skorinn í bita eða stappaður, en ekki maukaður.

Ávaxtamauk:

Sá hluti ávaxtarins, með eða án hýðis og aldinsteina, sem hefur verið maukaður.

Ávaxtaseyði:

Vatnsseyði ávaxta sem, með fyrirvara um óhjákvæmilegt tap við framleiðslu, innheldur alla vatnsleysanlega efnisþætti ávaxtanna sem er notaðir eru.

Sykur:

- Sykurvörur sem falla undir reglugerð um sykur og sykurvörur;
- frúktósasíróp;
- annan sykur úr ávöxtum;
- púðursykur.

B. Meðhöndlun hráefna

Heimilt er að:

- hita, kæla, frysta, frostþurrka eða þykkja, að því marki sem það er tæknilega mögulegt, þau hráefni sem skilgreind í A hluta, að undanskildum sykri. Nota má brennisteinsdíoxíð (E 220) eða sölt þess (E 221, E 222, E 223, E 224, E 226 og E 227) sem hjálparefni við framleiðslu hráefna nema þeirra sem notuð eru við framleiðslu vara í sérflokki, að því tilskildu að hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs, sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum, fari ekki umfram leyfileg mörk í þeim vörum sem skilgreindar eru í 2. gr.;
- meðhöndla apríkósur og plómur sem á að nota við framleiðslu á sultu með öðrum þurrkunaraðferðum en frostþurrkun;
- geyma börk af sítrusávöxtum í saltþækli.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðurhöfn“ vegna Flensborgarhafnar í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 27. maí 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðurhöfn“ vegna Flensborgarhafnar í Hafnarfirði. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F. h. bæjarskipulags Hafnarfjarðar, 29. ágúst 2003.

Anna Margrét Tómasdóttir arkitekt.